

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 307/2022**

**frá 9. desember 2022**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1631 frá 12. maí 2022 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu vegna notkunar á blýi í ofurleiðarakapla og -víra úr bismútstrontíumkalsíumkoparoxíði og blýi í raftengi þeirra, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1632 frá 12. maí 2022 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun blýs í tiltekin segulómtæki, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32022 L 1631:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1631 frá 12. maí 2022 (Stjtið. ESB L 245, 22.9.2022, bls. 45),
- **32022 L 1632:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1632 frá 12. maí 2022 (Stjtið. ESB L 245, 22.9.2022, bls. 48).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 245, 22.9.2022, bls. 45.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 245, 22.9.2022, bls. 48.

2. gr.

Texti framseldrar tilskipana (ESB) 2022/1631 og (ESB) 2022/1632, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.